



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 29.10. '19

Úrskurður aganefndar 29. október 2019

Eftirtalin mál lágu fyrir og voru tekin til úrskurðar:

1. Arnar Jón Agnarsson þjálfari Gróttu hlaut útilokun með skýrslu vegna grófrar óíþróttamannslegrar hegðunar í leik ÍR og Gróttu í mfl. kv. þann 25.10.2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 a). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að þjálfarinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
2. Roberta Ivanauskaité leikmaður Aftureldingar hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Haukar og Aftureldingar í mfl. kv. þann 26.10. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.

Úrskurðurinn tekur gildi á hádegi fimmtudaginn 31. október 2019.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

